

Alþingi,  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 16. október 2019.

### Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017

Vísa til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis 11. október sl. þar sem ofangreint frumvarp var sent mér til umsagnar, en ég gæti hagsmuna eins hinna sýknuðu í ofangreindu hæstaréttarmáli við heimtu bóta frá ríkinu.

Enginn vafi er uppi um bótarétt í þessu máli. Að því er það varðar er greinargerð íslenska ríkisins í máli Guðjóns Skarphéðinssonar, þar sem gerð var sýknukrafa af hálfu ríkisins, ekkert annað en reginhneyksli. Deila má hins vegar um fjárhæðir. Grundvallaratriði hlýtur þó vitaskuld að vera að íslenska ríkið greiði hinum sýknuðu það sem ríkið telur rétt vera, enda liggja fyrir skriflegar kröfur um greiðslu bóta (hvað minn umbj. varðar, dags. 1. ágúst sl.). Það er ennfremur í samræmi við grundvallarreglur í íslenskum kröfurétti að skuldari (í þessu tilviki *íslenska ríkið*) greiði kröfuhafa (í þessu tilviki *hinum sýknuðu*) a.m.k. þá fjárhæð sem skuldarinn telur að nægi til að krafa sé greidd. Er engin ástæða fyrir íslenska ríkið að draga þessar greiðslur og lengja með því enn í þjáningu hinna sýknuðu í málinu. Nóg er nú samt. Hinir sýknuðu geta svo, telji þeir sig eiga rétt til frekari greiðslna, freistað þess að sækja slíkt fyrir almennum dómstólum. Er ákvæði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins mikilvægt í því sambandi.

Að þessu leyti er sú grunnhugsun frumvarpsins að greiða hinum sýknuðu bætur hið fyrsta rétt. Þá er rétt í ljósi umfangs fjárhæðanna, og þess að vafi kann að vera uppi um rétt erfingja hinna sýknuðu til bóta, að skjóta lagastoð undir greiðsluna.

Ljóst er hins vegar að þær fjárhæðir sem miðað er við í frumvarpinu eru of lágar miðað við dómaframkvæmd og atvik málsins öll. Þannig eru bætur *per dag* of lágt ákvarðar jafnvel þótt ekki væri horft til aðstæðna hinna sýknuðu í haldi. Sé til þeirra lítið, og þá m.a. til þess hve mikilli hörmungarvist í Síðumúlafangelsi hinir sýknuðu sættu á sínum tíma, eru fjárhæðirnar alltof lágar. Í því efni verður m.a. að líta til þeirrar einangrunar og pyndinga sem hinir sýknuðu sættu, sem og afleitra húsakynna í Síðamúlafangelsi. Ennfremur verður að greiða bætur fyrir það að hinir sýknuðu töldust ranglega sekir í lagalegum skilningi í rúm 40 ár; brotið var gegn rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar við meðferð málsins á sínum tíma; frelssviptingin olli þeim sem slík fjártjóni, þ.e. gerði þeim ókleift að starfa á meðan á henni stóð; þeir voru for-dæmdir, ef svo má segja, á blaðamannafundi þýsks rannsóknarlögreglumanns í febrúar 1977 fyrir dómsmeðferð málsins, og áttu sér vart viðreisnar von í réttarkerfinu eftir það, og fleiri atriða.

Fyrir allt framangreint eiga hinir sýknuðu bótarétt og hann meiri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Arnar Þór Stefánsson hrl.